

- 122 úr sjóðnum og tiltaka umsóknarfrest. Styrkveiting skal ákveðin í byrjun þess árs, 2. des. þegar nota á styrkinn. Skal styrkveitingu svo hagað, að í fyrsta skipti fær styrk starfsmaður Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, í annað sinn bóndi úr sýslunni, eða annar maður eða kona, sem landbúnað stunda og líkleg eru til þess að stunda þann atvinnuveg áfram, og í þriðja sinn sjómaður eða verkamaður eða verkakona, sem einnig eru heimilisföst og starfandi í Austur-Skaftafellssýslu. Síðan skal veita styrk þessum aðiljum í sömu röð áfram, er næst kemur til styrkveitingar, en engum nema einu sinni, og skipta má styrk milli tveggja sama árið. Ef ekki koma umsóknir frá þeim aðiljum, sem nefndir voru, má stjórnin veita styrk í annari röð.

7. gr.

Styrkinn skal nota til náms og utanfara, bæði til greiðslu ferðakostnaðar og dvalar erlendis í nágrannalöndunum, einkum á Norðurlöndum. Skulu styrkþegar dvelja þar nokkurn tíma og kynnast þar af eigin reynd þeim greinum atvinnu sinnar, sem þeir óska og sem verða má til gagns við störf þeirra heima í héraði á eftir. Styrkþegar skulu að jafnaði kosta ferðir sínar og nám erlendis með ekki minna fé en styrknum nemur og eiga að gera skýrslu um ferð sína eftir heimkomuna og senda sjóðsstjórninni.

8. gr.

Þegar sjóðurinn hefir aukizt svo, að árlegir vextir hans nema eins miklu að verðgildi og fimm ára vextir nú, skal veita styrkinn annaðhvert ár eftir sömu reglum og áður.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá fyrir sjóðinn.

123

25. nóv.

REGLUGERÐ

um tollheimtu og tolleftirlit.

I. KAFLI

Tollumdæmin.

1. gr.

Landið skiptist í 24 tollumdæmi, og eru þau þessi:

1. Reykjavíkurtollumdæmi. Verzlunarstaðurinn Viðey heyrir að öllu leyti undir Reykjavíkurtollumdæmi um tollgæzlu.
2. Akranestollumdæmi. Það tekur yfir Ytri-Akraneshrepp.
3. Mýra- og Borgarfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að undanteknum Ytri-Akraneshreppi.
4. Snæfellsness- og Hnappadalstollumdæmi. Það tekur yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
5. Dalatollumdæmi. Það tekur yfir Dalasýslu.
6. Barðastrandartollumdæmi. Það tekur yfir Barðastrandarsýslu.
7. Bolungavíkurtollumdæmi. Það tekur yfir Hólshrepp.
8. Ísafjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Ísafjarðarkaupstað og Ísafjarðarsýslu, að undanteknum Hólshreppi.
9. Strandatollumdæmi. Það tekur yfir Strandasýslu.

10. Húnavatnstollumdæmi. Það tekur yfir Húnavatnssýslu. 123
 11. Skagafjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Skagafjarðarsýslu. 25. nóv.
 12. Siglufjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Siglufjarðarkaupstað, og heyrir Héðinsfjörður til hans.
 13. Ólafsfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Ólafsfjarðarhrepp.
 14. Akureyrartollumdæmi. Það tekur yfir Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu, að undanteknum Ólafsfjarðarhreppi.
 15. Þingeyjartollumdæmi. Það tekur yfir Þingeyjarsýslu.
 16. Seyðisfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Seyðisfjarðarkaupstað og Norður-Múlasýslu.
 17. Norðfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Neskaupstað.
 18. Suður-Múlatollumdæmi. Það tekur yfir Suður-Múlasýslu.
 19. Skaftafellstollumdæmi. Það tekur yfir Skaftafellssýslu.
 20. Vestmannaeyjatollumdæmi. Það tekur yfir Vestmannaeyjakaupstað.
 21. Rangárvallatollumdæmi. Það tekur yfir Rangárvallasýslu.
 22. Árnestollumdæmi. Það tekur yfir Árnessýslu.
 23. Keflavíkurtollumdæmi. Það tekur yfir Keflavíkurhrepp.
 24. Hafnarfjarðartollumdæmi. Það tekur yfir Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringu- og Kjósarsýslu, að undanteknum Keflavíkurhreppi, svo og Viðey, að því er tekur til tollgæzlu.

II. KAFLI

Tollstjórnin.

2. gr.

Yfirstjórn tollmála hefir fjármálaráðherra. Fjármálaráðuneytið hefir umsjón með tollheimtunni og toll eftirlitinu.

3. gr.

Í hverju tollumdæmi er tollstjóri, og hefir hann stjórn tollmála í umdæmi sínu, en þar til heyrir toll eftirlit með skipum og flugtækjum, afgreiðsla skipa og flugtækja og innheimta skipakomugjalda, sóttvarnareftirlit gagnvart útlöndum, hvers konar eftirlit með aðflutningi og innheimta aðflutningsgjald, hvers konar eftirlit með útflutningi og innheimta útflutningsgjald, útgáfa vottorða um uppruna útflutningsvara, eftirlit með innflutningi og útflutningi íslensks gjaldeyris, eftirlit með því, að íslenskar afurðir og aðrar vörur, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, og að hann renni til bankanna, að svo miklu leyti sem eftirlit þetta er ekki hjá gjaldeyris- og innflutningsnefnd og bönkunum, og innheimta innlends tollvörugjalds og eftirlit með tollvörugerðum.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið auglýsir í Lögbirtingablaðinu og gerir um það skrá, á hvaða höfnum tollstjórnarnir hafi aðsetur og á hvaða höfnum þeir hafi umboðsmenn og hverjir þeir séu. Verði á því breytingar auglýsir ráðuneytið það á sama hátt.

5. gr.

Sérstakir tollgæzlumenn eru tollstjórum til aðstoðar eftir því sem erindisbréf og reglur, sem tollgæzlumönnum eru settar, segja fyrir um.

Utan Reykjavíkur eru framangreindir tollgæzlumenn undir yfirstjórn sérstaks umboðsmanns fjármálaráðuneytisins, en í Reykjavík undir stjórn tollstjórans þar.

123

25. nóv.

6. gr.

Tolleftirlitsmenn, samkvæmt reglugerð þessari, eru tollstjórar, umboðsmenn þeirra og sérstakir tollgæzlumenn.

Tolleftirlitsmenn, sem eru að störfum, eru einkennisklæddir eða hafa í vörzlum sínum einkennismerki, sem þeir framvísa, ef þess er óskað, en einkennismerki þetta ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina: Tollmerki Íslands.

Farartæki tolleftirlitsmanna hafa tollgæzlufánann, sem er ríkisfáninn, klofinn að framan, með stóru téi (T) í efri stangarreit fánans.

Komi tolleftirlitsmenn fram í einkennisbúningum sínum, eða hafi þeir framvísað framangreindu einkennismerki eða dregið tollfánann við hún, hafa þeir á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tolleftirlitsmenn að starfi.

III. KAFLI

Tollhafnir.

7. gr.

Tollhafnir kallast þær hafnir, þar sem tollstjóri eða umboðsmaður hans hafa aðsetur, sbr. 4. gr. Tollaafgreiðsluhafnir þær, sem um ræðir í 28. gr., teljast einnig til tollhafna.

IV. KAFLI

Tolllandhelgin.

8. gr.

Landhelgi, samkvæmt reglugerð þessari, er 4 sjómíliur á haf út frá stórstraumsfjöruborði og er talið frá yztu skerjum og hólum, er upp úr sjó koma. Firðir og vikur teljast í landhelgi 4 sjómíliur á haf út frá línu, sem dregin er þar, sem 12 sjómíliur verða milli nesja, næst fjarðarmynni.

V. KAFLI

Almennt um tolleftirlit, tollrannsóknir og afgreiðslu skipa.

a. Hvað sé skip.

9. gr.

Skip, samkvæmt reglugerð þessari, er sérhvert fljótandi far.

b. Hvaða skip eru háð tolleftirliti og hvað í því felst.

10. gr.

Öll skip, sem eru innan landhelginnar, hvort sem þau eru á höfnum inni eða utan hafna, eru háð tolleftirliti, og því geta tolleftirlitsmenn framkvæmt rannsóknir í slíkum skipum og sett þau undir eftirlit.

c. Stöðvunarskylda skipa.

11. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að stöðva skip á höfnum inni og utan hafna innan landhelginnar til rannsókna, og þegar tolleftirlitsmenn gefa til kynna, að þeir vilji hafa samband við skip, er skipstjóra skylt að hægja ferð skipsins eða stöðva það, til þess að slíkt samband geti átt sér stað.

Ef tolleftirlitsmenn óska eftir því að komast á skipsfjöl eða frá borði, er skipstjóra skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

d. Hvar og á hverjum tolleftirlitsmenn megi leita.

123

25. nóv.

12. gr.

Við rannsókn eða afgreiðslu er tolleftirlitsmönnum heimilt að leita alstaðar í skipi, í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tolleftirlitsmönnum þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum til að skjóta undan rannsókn, tollgreiðslu eða bannað er að flytja í land eða úr landi.

Auk þess, sem tolleftirlitsmönnum er heimilt að leita alstaðar í skipum, er þeim og heimilt að leita að tollsviknum vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum flutningstækjum.

e. Stöðvunar- og aðstoðarskylda bifreiðarstjóra og stjórnenda annara farartækja á landi.

13. gr.

Bifreiðarstjórum og stjórnendum vagna og annara farartækja er skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess, að tollrannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

f. Bannaðar samgöngur við skip og bann við því að leggja skipi að hafnarvirki eða að fara frá því.

14. gr.

Meðan stendur á afgreiðslu eða rannsókn í skipi, er tolleftirlitsmönnum heimilt að mæla svo fyrir, að enginn megi koma á skipsfjöl eða fara frá borði, nema leyfi tolleftirlitsmanna komi til.

Þá er tolleftirlitsmönnum heimilt að banna skipstjóra að leggja skipi að bryggju eða öðru hafnarvirki eða fara frá bryggju eða öðru hafnarvirki með skip, fyrr en þeir segja til, að það megi.

g. Afkvíun skipa og ákveðnir umferðastaðir á skipi.

15. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að afkvía skip, sem lagst er að eða liggur við bryggju, en þegar það er gert, er öllum óheimilt að fara inn fyrir eða út fyrir girðingar tolleftirlitsmanna, nema með þeirra leyfi.

Þá er tolleftirlitsmönnum heimilt að mæla svo fyrir, að farþegar og aðrir megi aðeins fara frá borði og á skipsfjöl á tilteknum stað á skipinu.

h. Rannsóknarskálar.

16. gr.

Ef reistir verða rannsóknarskálar á höfnum hér á landi, og farþegar og aðrir, sem koma frá borði eða fara á skipsfjöl, eiga að fara í gegnum skála þessa, skal lítið svo á, að menn séu ekki komnir af skipsfjöl, fyrr en þeir hafa farið í gegnum skálann, og að menn séu komnir á skipsfjöl, þegar þeir eru komnir í skálann.

i. Skyldur hafnsögumanna við tolleftirlitsmenn.

17. gr.

Hafnsögumenn skulu gefa tolleftirlitsmönnum upplýsingar um það, hvar þeir ætli að leggja skipi, ef tolleftirlitsmenn óska eftir slíkum upplýsingum.

123 25. nóv. Þá skulu hafnsögumenn láta tolleftirlitsmenn vita, áður en þeir flytja skip úr höfn, enda hafi hlutaðeigandi tollstjóri óskað eftir því, að tolleftirlitsmenn væru jafnan látnir vita, þegar svo ber undir.

Ef sérstaklega stendur á, skulu hafnsögumenn fara eftir óskum tolleftirlitsmanna um það, hvar skuli leggja skipi.

j. Aðstoðar- og upplýsingaskylda skipstjóra.

18. gr.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að rannsókn eða afgreiðslu í skipi, er skipstjóra skylt að veita þeim alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn gangi sem greiðast og án tafa og tálmana, svo og að gefa þeim upplýsingar um farmrúm, geymslurúm, farrúm, vistarverur skipverja, kjölfesturúm og aðra staði í skipi, um ferðalag skips, farþega, skipshöfn, vörur og annað það, sem tolleftirlitsmönnum er nauðsynlegt að vita, vegna rannsókna eða starfa sinna í skipi.

Ef tolleftirlitsmenn mæla svo fyrir, skal skipstjóri gefa skriflega yfirlýsingu um það, að hann hafi gefið tolleftirlitsmönnum upplýsingar um öll farmrúm og aðra staði í skipi, þar sem vörur eru geymdar, aðgang að þeim og staði, þar sem innsiglun myndi ekki koma að haldi, sbr. 19. gr.

k. Innsiglisréttur, aðstoð skipstjóra við innsiglun, bann við innsiglisrofi og innsiglisrá.

19. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi, eftir því, sem þeim þykir þurfa.

Skipstjóra er skylt að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð, sem þeir óska eftir við innsiglun, svo og að vekja athygli tolleftirlitsmanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun myndi ekki koma að haldi.

Innsigli þau, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar skipa, herbergi, hólf eða aðra staði í skipi, má enginn hreyfa eða rjúfa, nema tolleftirlitsmenn, enda ber skipstjóri ábyrgð á því, að þau séu ekki rofin eða hreyfð, meðan skipið er hér við land, nema af tolleftirlitsmönnum.

Ef tolleftirlitsmenn gera skrá yfir innsigli, sem þeir hafa sett í skipi, skal skipstjóri undirrita hana, ef tolleftirlitsmenn mæla svo fyrir. Þá er skipstjóri skyldur, ef þess er óskað, að taka með sér skrá þessa og afhenda hana þeim tolleftirlitsmönnum, sem síðar afgreiða skipið eða eru að rannsókn í því. Enn fremur ber skipstjóra eða þeim, sem skipstjóri setur fyrir sig, að vera viðstaddur, ef tolleftirlitsmenn óska eftir því, þegar þeir setja innsigli sitt á innsiglisrána.

l. Afhending skipsskjala.

20. gr.

Skipstjóra ber að láta tolleftirlitsmönnum í té, hvenær sem þeir þurfa, tollskjöl og önnur afgreiðsluskjöl, sem skipið hefir fengið á síðustu höfn, sem það hefir fengið afgreiðslu á, hvort sem sú höfn er erlendis eða hér á landi, svo og farmskrár og aðrar vöruskrár, farmskrárútdrætti, farþegalista, farmskirteini, fylgibréf og önnur skjöl varðandi vörur í skipi.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt, þegar þeir hafa lokið við að afgreiða skip eða síðar, að taka í sínar vörslur, þegar þeir telja þess þörf, þjóðernis- og mælingarskirteini skipsins, svo og skipshafnarskrána og önnur skjöl, eftir því, sem við á. Varðveita tolleftirlitsmenn síðan skjöl þessi, en er skipið hefir lokið erindum sínum, greitt öll lögboðin gjöld og uppfyllt aðrar skyldur, afhenda tolleftirlitsmenn aftur skjöl þessi til skipstjóra, sem ber að vitja þeirra, áður en skip leggur úr höfn, sbr. 75. gr.

m. Tollvörður í skipi.**123**

25. nóv.

21. gr.

Heimilt er að setja tollvörð í hvert það skip, sem þörf telst á að hafa tollvörð í, svo og að láta tolleftirlitsmenn fara með skipum hafna á milli til eftirlits, og ber í þeim tilfellum skipstjóra fyrir skipsins hönd ávallt að sjá tolleftirlitsmönnum endurgjaldslaust fyrir fæði á skipinu og fari með því, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum.

n. Rannsókn á vörum og hvar hún megi fara fram.**22. gr.**

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins eða flytja á til útlanda, hvort sem það er flutt eða á að flytjast sem vörur á farmskrám eða öðrum vöruskrám, pósthlutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að flytja þetta allt til rannsóknar í tollgæzlustöð eða á annan stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt.

o. Skylda til að gefa skýrslur um aðfluttar vörur.**23. gr.**

Tollstjóri hefir vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða er til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi fengið þess konar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

p. Tolleftirlit varðskipanna.**24. gr.**

Foringjum varðskipanna hefir verið falið að aðstoða tollgæzluna við tolleftirlit, og hafa skipstjórar, formenn og skipverjar nefndra skipa við það eftirlit þau réttindi, sem tolleftirlitsmönnum eru veitt í þessum kafla.

VI. KAFLI**Aðkomuskip.****a. Hvaða skip séu aðkomuskip.****25. gr.**

Aðkomuskip eru skip, sem koma hingað, og síðast hafa lagt út frá útlöndum eða á leið sinni tekið við mönnum, farangri eða öðrum vörum úr skipi eða farartæki, sem síðast hefir lagt út frá útlöndum, eða hafa haft annað samband við skip eða farartæki, er jafnað verði við samband við útlönd. Er skipið aðkomuskip, þangað til það hefir verið afgreitt hér á landi af tolleftirlitsmönnum, og þeir hafa leyft samgöngur við skipið.

b. Hvar aðkomuskip megi taka land.**26. gr.**

Aðkomuskip mega ekki, nema tilneydd séu, hleypa mönnum, vörum eða öðrum farangri á land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annarsstaðar en á tollhöfnum.

Um aðkomufarþega- eða aðkomuvöruflutningaskip koma auk þess til greina fyrimælin í 28. gr.

123

25. nóv.

c. Íslenzk skip mega ekki hafa samband við aðkomuskip.

27. gr.

Íslenzk skip mega ekki, hvorki innan landhelginnar né utan, taka við mönnum, farangri eða öðrum vörum úr aðkomuskipum, hleypta mönnum út í slík skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

d. Hvar aðkomufarþega- eða aðkomuvöruflutningaskip mega taka land, án fyrirfram tilkynningar. Tollaafgreiðsluhafnir.

28. gr.

Frá 1. apríl 1939 skulu öll aðkomuvöruflutninga- eða aðkomufarþegaskip, sem ekki ganga eftir fyrirfram opinberlega birtum áætlunum, koma á leið sinni frá útlöndum, nema tilneydd séu, á einhverja eftirtaldrá tollaafgreiðsluhafna, til þess að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi:

Reykjavíkurhöfn,
Hafnarfjarðarhöfn,
Vestmannaeyjahöfn,
Neshöfn í Norðfirði,
Seyðisfjarðarhöfn,
Akureyrarhöfn,
Siglufjarðarhöfn,
Ísafjarðarhöfn.

Ef skip þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, eiga hinsvegar að fá fyrstu afgreiðslu á öðrum höfnum en þeim, sem taldar voru, skal tilkynna það fjármálaráðuneytinu og skal senda tilkynningu þessa, sem skal tilgreina þau atriði, sem talin eru í 3. mgr., skriflega eða með símskeyti á þann hátt, að tilkynningin geti verið komin til ráðuneytisins, áður en skipið leggur úr erlendri höfn.

Í tilkynningunni skal tilgreina nafn skipsins, stærð þess, brottfarardag, hvaða tollhöfn skipið ætlar að taka fyrst hér á landi, hvaða farm skipið hafi, ef skipið hefir farm, tölu skipshafnar og tölu farþega, ef að farþegar eru í skipi.

Vöruflutningaskip eru þau skip, sem flytja hingað til lands vörur, sem eiga að flytjast hér úr skipinu. Íslenzk veiðiskip, sem flytja hingað eigin veiði, sem á að flytjast hér úr skipinu, teljast ekki vöruflutningaskip í þessu sambandi.

Farþegaskip eru þau skip, sem flytja hingað til lands farþega, en farþegar eru allir þeir, sem ekki verða taldir til skipshafnar.

Til þess að farþega- eða vöruflutningaskip geti talizt ganga eftir fyrirfram opinberlega birtum áætlunum, verða ferðir skipsins að vera ákveðnar minnst 3 mánuði fram í tímann, enda sé ferðaáætlunin birt opinberlega og send öllum tollstjórum mánuði áður en hafin er fyrsta ferð skipsins, sem áætlunin fjallar um.

Allar breytingar, sem gerðar verða á fyrirfram opinberlega birtum áætlunum, skulu þegar í stað tilkynntar fjármálaráðuneytinu.

Ferðaáætlanir teljast opinberlega birtar, ef þær eru birtar í blöðum eða með öðrum álíka almennum hætti.

e. Vöruskrár aðkomuskipa og skipverjaskrá.

29. gr.

Öll skip, sem flytja hingað til lands vörur, sem eiga að flytjast hér úr skipinu, skulu hafa meðferðis skrá yfir allar þessar vörur. Skrá þessi kallast í reglugerð þessari aðalvöruskrá eða farmskrá skipsins.

Ónaðsynlegt er að skráðar séu á farmskrá skipsins vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, ef vörur

þessar eiga ekki að flytjast hér úr skipinu og þær eru skráðar á skrár þær, sem um ræðir undir 1 og 2 í 30. gr. Þá þarf ekki að skrá á farmskrána hluti, sem farþegar, sem eru með skipinu, hafa meðferðis í ferðatöskum og umbúðum, þar sem föt þeirra eru geymd og almennt er ekki greitt sérstakt flutningsgjald fyrir, en séu töskur þessar og umbúðir ekki skráðar á farmskrána, en hinsvegar í geymslu í lestarrúmum skipsins eða öðrum sérstöku geymslum þess eða til geymslu á þilfari, þer að skrá þær á farangursskrá þá, sem um ræðir undir 4 í 30. gr. Ennfremur er ónauðsynlegt, að settir séu á farmskrána hlutir, sem skipverjar — skipstjóri talinn með — hafa í skápum sínum, skipskistum, fatapokum og þess háttar, ef hlutir þessir eru skráðir á skrá þá, sem um ræðir undir 3 í 30. gr.

Farmskrá skal frá hverju landi vera samin í minnst 3 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur, sem eiga að fara á hverja einstaka tollhöfn.

Ef farmskrár eru á erlendum málum, getur tolleftirlitsmaður krafizt þess af skipstjóra, að farmskrár séu þýddar á íslenzku af þar til hæfum manni. Ef farmskrár eru á öðrum málum en íslenzku, dönsku, ensku, norsku, sænsku eða þýzku, getur tolleftirlitsmaður synjað um leyfi til affermingar, fyrr en farmskrár hafa verið þýddar á íslenzku.

Farmskrá frá hverju landi og útdrættir skulu vélritaðir eða greinilega skrifaðir, svo auðvelt sé að lesa þá. Á þeim séu greinilega tilgreindur fermingarstaður vörusendingar, stykkjatala, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi hverrar vörutegundar, eða ef um trjávið er að ræða, rúmmál, svo og flutningsgjald og affermingarstaður vörusendingar.

Vörusendingar frá hverju landi skulu tilfærðar á skrá og útdráttum í óslitinni töluröð, en í sama númeri skal skrá vörur, sem eru á sama farmskrirteini eða fylgibréfi. Um leið og farmskrirteini eru gefin út, hvort sem þau eru gefin út í einu eða fleiri eintökum, skal skrá á þau farmskrárnúmerið. Farmskrirteini telst gefið út við undirskrift skipstjóra eða þess, sem undirritar fyrir hans hönd. Þegar tekið er við fylgibréfi eða öðru samskonar skjali, skal skrá á það farmskrárnúmerið.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar, þar sem þær eiga að flytjast úr skipinu, sem flutti þær hingað til lands.

Farmskrár yfir vörur, sem skip tekur frá hverju landi, skulu vera undirritaðar af skipstjóra og heftar saman, ef þær eru fleiri en eitt blað. Útdrættir úr farmskránni yfir vörur, sem eiga að flytjast úr skipinu á hverri tollhöfn, skulu einnig undirritaðir af skipstjóra og heftir saman, ef þeir eru á fleiri en einu blaði.

Allar útstrikanir og leiðréttingar á farmskrám og útdráttum skulu vera staðfestar af skipstjóra með áritun á farmskrárnar eða útdrættina. Ef því verður ekki við komið, skal fylgja farmskrám og útdráttum sérstakt vottorð skipstjóra um leiðréttingarnar og útstrikanirnar.

Það er bannað að strika út eða gera leiðréttingar á farmskrám eða útdráttum eftir að skip hefir fengið afgreiðslu hér á landi, nema í samráði við tollstjóra eða umboðsmann hans.

Ef vörusending er skráð á farmskrá að vera „in disput“ eða með öðrum samskonar fyrirvara, losnar skipstjóri ekki undan ábyrgð, ef vörusendingin er ekki með skipinu.

30. gr.

Auk farmskrár skulu vera í aðkomuskipti eftirtaldar skrár:

1. Skrá yfir nauðsynjavistir. Á hana skulu vera skráðar allar vörur, sem ætlaðar eru til neyzlu og notkunar skipverjum og farþegum í skipinu sjálfu.

2. Skrá yfir skipsnauðsynjar, aðrar en nauðsynjavistir. Á skrá þessa skulu vera skráðar allar vörur, sem ætlaðar eru til notkunar í skipinu í sambandi við siglingu þess, t. d. vélannauðsynjar.

123 Skipstjóra er heimilt, ef honum þykir það hentugra, að gera eina skrá í stað 25. nív. þeirra tveggja, sem um ræðir undir 1 og 2.

3. Skrá yfir skipverja og hluti þeim tilheyrandi. Á skrá þessa skulu vera skráðir allir skipverjar. Áfengir drykkir, öl og aðrir drykkir, tóbaksvörur, vindlingapappír, hárvötn, andlitsvötn og ilmvötn, sælgæti, spil, skotvopn, skotfæri og aðrir hlutir, sem skipverjum tilheyra eða þeir hafa undir höndum, skulu einnig skráðir á skrá þessa, enda séu hlutir þessir ekki skráðir á farmskrá skipsins.

4. Skrá yfir allan þann flutning, sem farþegum skipsins tilheyrir og tekinn eða settur hefir verið til geymslu í lestarrúmi skipsins eða öðrum sérstökum geymslum þess, eða ef varningurinn er settur til geymslu á þílfari, enda sé flutningur þessi ekki skráður á farmskrá skipsins. Á skrá þessari skal tilgreina tölu, merki og tegund umbúða, innihald umbúða, ef við verður komið, nafn þess, sem umbúðirnar eða því líkt tilheyrir, í hvaða lest eða geymslu töskurnar, kisturnar, kassarnir, pokarnir eða því líkt er.

Á skrá þeim, sem taldar eru undir 1—3 skal getið tegundar, magns eða tölu vara þeirra eða hluta, sem þar eru skráðir.

Skipstjóra ber að sjá um, að allar þær skrár, sem taldar eru í þessari grein, séu gerðar, og telst vanræksla á því brot á reglugerð þessari. Honum ber að undirrita skrár þær, sem um ræðir undir 1, 2 og 4 hér að framan, og er það brot af hálfu skipstjóra, ef þær reynast rangar. Sama er ef skrár þær, sem um ræðir undir 1 og 2, eru sameinaðar í eina skrá. Hver skipverji — þar með talinn skipstjóri — skal rita nafn sitt við sína uppgjöf á skránni, sem um ræðir undir 3, en skipstjóra ber að votta, að viðlagðri sektarábyrgð, að þar séu allir skipverjar skráðir.

31. gr.

Nú eru í skipi vörur, sem ekki eiga að affermast hér úr skipinu, en eiga að fylgja því aftur til útlanda, og skal þá vera sérstök skrá yfir vörur þessar í minnst 2 eintökum, og eiga þær að vera undirritaðar af skipstjóra.

f. Farþegalistar aðkomuskipa.

32. gr.

Í öllum skipum, sem koma hingað til lands og í eru farþegar frá útlöndum, skal vera listi í minnst 3 eintökum yfir þessa farþega.

Farþegalistar skulu greina nöfn farþega, hvort sé karl eða kona, heimilisfang, hvar þeir komu í skipið, til hvaða hafnar þeir ætla með skipinu, á hvaða farrými þeir séu og í hvaða farklefa.

Farþegalistar skulu undirritaðir af skipstjóra, og er það brot af hans hálfu, ef þeir reynast rangir.

VII. KAFLI

Koma skipa.

a. Frá útlöndum eða eftir samband við farartæki, sem jafnað verður við samband við útlönd.

33. gr.

Þegar aðkomuskip hafnar sig á íslenskum höfnum, annast tolleftirlitsmenn afgreiðslu þeirra eftir því, sem ákveðið er í reglugerð þessari, tollögum og öðrum lögum, sem í gildi eru og til greina geta komið.

Þar til afgreiðslu tolleftirlitsmanns er lokið má enginn fara í eða úr skipinu, nema með leyfi tolleftirlitsmanns, og eigi mega skipstjórar leggja skipi að bryggju eða öðru hafnarvirði, fyrr en tolleftirlitsmenn segja til, að það megi.

Ef enginn tolleftirlitsmaður er kominn um borð í skipið innan sex klukkustunda 123
 eftir að það hefir hafnað sig, skal skipstjóri gefa viðkomandi tolleftirlitsmanni 25. nóv.
 komu skipsins til vitundar, en fara skal skipstjóri eftir sóttvarnarreglum, að svo
 miklu leyti, sem því verður framast við komið.

34. gr.

Þegar eftir komu aðkomuskipu skulu skipstjórar afhenda tolleftirlitsmanni skipshafnarlista og eftir því, sem við á, vöruskrár þær, sem um ræðir í 29.—31. gr., og farþegalista, sem um ræðir í 32. gr., ef farþegar eru í skipi. Afhenda ber tvö eintök af farmskrá skipsins og tvö eintök af farþegalista. Annað eintakið af farmskránni skal fylgja skipinu til síðustu hafnar, sem það flytur vörur til, er það flutti hingað til lands, en annað eintakið af farþegalistanum skal fylgja skipinu til síðustu hafnar, sem skipið flytur farþega frá útlöndum til, sbr. 76. gr.

Þá ber skipstjóra, ef tolleftirlitsmaður óskar eftir því, að afhenda og undirrita vottorð um það, að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri vörur, sem skrá beri á vöruskrár skipsins, en taldar eru á skrá þeim, sem hann hefir afhent tolleftirlitsmanni.

Ef um vöruflutningaaðkomuskip er að ræða, sem flytur vörur til fyrstu aðkomuhafnar, skal skipstjóri afhenda útdrátt úr farmskrá skipsins yfir þær vörur, sem þar eiga að flytjast úr skipinu, ásamt vottorði, ef tolleftirlitsmaður óskar eftir því, um það, að þar verði ekki fluttar úr skipinu aðrar eða meiri vörur, sem séu eða eigi að vera skráðar á farmskrá skipsins.

Einnig ber að afhenda útdrátt úr farþegaflutningsskránni (4. liður 30. gr.) yfir þann flutning, sem þar verður fluttur úr skipinu, ásamt vottorði, ef óskað er, um það, að þar verði ekki fluttur úr skipinu annar eða meiri flutningur en sá, sem sé eða eigi að vera á farþegaflutningaskránni.

b. Frá innanlandshöfnum.

35. gr.

Á hverri höfn, sem skip hafnar sig á til að afferma vörur og flutning, er það skip hefir flutt hingað til lands, ber skipstjóra að afhenda tolleftirlitsmanni útdrátt úr farmskrá og farþegaflutningsskrá (4. liður 30. gr.) yfir þær vörur og þann farangur, sem þar á að affermast, ásamt sams konar vottorðum, ef óskað er, og um ræðir í 3. og 4. mgr. 34. gr.

Ef um er að ræða skip, sem ætlar að afferma vörur eða farangur, sem það skip hefir flutt hingað til lands, og einnig á að afferma úr því vörur og farangur, sem fermdur hefir verið í skipið innanlands, ber einnig að afhenda tolleftirlitsmanni skrár yfir allar þessar vörur og allan þenna farangur, sem tekinn hefir verið hér á landi, en skrár þessar skulu, eftir því sem við á, vera eins gerðar og tilgreina sömu atriði og farmskrár yfir innfluttar vörur (29. gr.) og skrá yfir innfluttan farangur í lestum og öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari (4. liður 30. gr.), og skulu skrár þessar vera undirritaðar af skipstjóra, en það er brot á reglugerð þessari, ef vanrækt er að afhenda skrár þessar, eða þær eru ekki samdar eins og mælt er fyrir.

36. gr.

Skip, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskveiðum, skulu, ef tolleftirlitsmenn telja þess þörf, háð sömu reglum og aðkomuskip, en tolleftirlitsmenn tilkynna, þegar þeir koma á skipsfjöl, skipstjóra eða þeim, sem þar er í hans stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með aðkomuskipum.

VIII. KAFLI

Afferming.

37. gr.

Aðeins á tollhöfnum er heimilt að flytja úr skipi vörur — þar með talinn farangur —, sem það skip, sem vörurnar eru í, hefir flutt hingað til lands, með þeim undantekningum, sem taldar eru í 3. mgr.

Einnig er óheimilt utan tollhafna að afferma úr skipi vörur og farangur, sem fermdar hafa verið í skipið hér á landi, ef ekki hafa verið affermdar úr skipinu allar þær vörur — leyfilegar nauðsynjavistir, og annar leyfilegur skipsforði ekki talinn með —, sem skipið flutti hingað til lands, með þeim undantekningum, sem taldar eru þegar hér á eftir.

Afferma má skip utan tollhafna, ef

1. skip er strandað eða er í neyð,
2. skip nær ekki ákvörðunarstað vegna ísa, grynninga eða annara tálmana af náttúrunnar hendi,
3. tollstjóri sá, sem í hlut á, leyfir það eftir framkominni beiðni.

38. gr.

Ekki má byrja að afferma skip, sem í eru vörur — leyfilegar nauðsynjavistir, og annar leyfilegur skipsforði ekki talinn með —, sem það skip hefir flutt hingað til lands, nema með leyfi tolleftirlitsmanns.

39. gr.

Ef sérstaklega stendur á, geta tolleftirlitsmenn fyrirskipað, að afferming fari fram á tilteknum stöðum, sem þeir vísa á.

40. gr.

Ef tolleftirlitsmaður tilkynnir skipstjóra eða þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd eða öðrum, sem stendur fyrir affermingu, að hann eða starfsmenn hans ætli að telja vörur úr skipi, má ekki afferma neinar vörur úr skipi né ferma í skipið neinar vörur, nema tolleftirlitsmenn séu viðstaddir til að fylgjast með affermingunni eða fermingunni.

Annars skulu allir hlutaðeigendur skyldir til að hlýða fyrirskipunum tolleftirlitsmanna um það, að við affermingu sé í öllu gætt reglu og öryggis.

IX. KAFLI

Framvísun aðfluttra vara og farangurs, sem ekki er á skrá, og ef aðfluttar vörur finnast við tollleit í skipi.

41. gr.

Allir, sem hafa meðferðis aðfluttar vörur eða farangur, sem ekki er skráður á vöruskrár, skulu ótilkvaddir framvísa öllum slíkum vörum eða farangri fyrir tolleftirlitsmönnum, og má enginn án leyfis tolleftirlitsmanna flytja úr skipinu vörur eða farangur, sem ekki er skráður á vöruskrár, fyrr en slíkar vörur eða farangur hafa verið skoðaðar af tolleftirlitsmönnum.

Nú leita tolleftirlitsmenn í skipi, í hirzlum og farangri skipverja og farþega, á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, til þess að fullvissa sig um, að vörum eða farangri, sem er með skipi, sé öllum framvísað eða rétt skýrt frá um vörur eða farangur, og að allt sé rétt tilfært á vöruskrám, sem þar á að vera, og vörur, sem

framvísa bar eða á vöruskrám áttu að vera, finnast við slíka leit eða reynast að vera 123
aðrar vörur, en upp var gefið, og skal þá litið svo á, að slíkum vörum hafi verið 25. nóv.
skotið undan eða rangt sagt til þeirra, sbr. 36. gr. laga um tollheimtu og tolleftrilít.

X. KAFLI

Bann við að selja eða gefa af skipsforða.

42. gr.

Aldrei má gefa eða selja úr skipinu af skipsforða, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning, sem lög hafa að geyma.

Það telst ekki að selja úr skipi, ef bryti skips selur farþegum skipsins, í sambandi við veitingastarfsemi sína um borð, af skipsforða vörur til neyzlu á staðnum.

Samkvæmt lögnum um veitingasölu, gistihúshald o. fl., má ekki án veitingaleyfis eða gistihúss selja fæði eða láta í té gistingu á skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi.

XI. KAFLI

Skýrsla um aðfluttar vörur og önnur skjöl, sem við koma aðfluttum vörum. Vanræksla á að afhenda slík skjöl, eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur.

43. gr.

Áður en viðtakendur vitja aðfluttra vara, skulu þeir afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um vörurnar.

Skýrsla þessi skal tilgreina, hvenær og með hvaða skipi varan var innflutt, tegund hennar, magn og verð, sem aðflutningsgjöld eru ákveðin eftir, og ef hún er í umbúðum, tegund, tölu, merki og númer þeirra, þyngd vöru með umbúðum og önnur atriði, sem tollheimtan og tolleftrilítið þarf að fá vitneskju um og eyðublöð þau greina, sem gerð verða til afnota undir aðflutningsskýrslur.

44. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að leggja fram fyrir tolleftrilitsmenn farmskirteini, fylgibréf, innkaupsreikninga og önnur skjöl, sem við koma innfluttri vöru og tolleftrilitsmenn þurfa að nota vegna starfa sinna.

45. gr.

Vanræksla á að gefa aðflutningsskýrslur, eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur eða tollskyld verð vara, telst til brota gegn 36. gr. laganna um tollheimtu og tolleftrilít.

Vanræksla á að leggja fram skjöl þau, sem um ræðir í 44. gr., eða ef lögð eru fram skjöl, þar sem rangt er skýrt frá um vörur eða verð vara, telst til brota á reglugerð þessari.

XII. KAFLI

Hvar skuli afhenda skýrslur um aðfluttar vörur og önnur aðflutningsskjöl og greiða aðflutningsgjöld.

46. gr.

Aðflutningsskýrslur og önnur skjöl um aðflutta vöru ber að afhenda og aðflutningsgjöld að greiða tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri tollhöfn, þar sem

- 123 vöru á, samkvæmt farmskrá skipsins, að flytja úr skipinu, sem flutti vöruna hing-
25. nóv. að til lands, nema svo standi á, sem segir í 47. og 48. gr.

47. gr.

Ef viðtakandi vöru er ekki á þeim stað, þar sem vara er flutt úr skipi, er heimilt að senda vöru til hans eða áleiðis til hans, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

1. Varan sé send til tollhafnar.
2. Afgreiðslumaður skips þess, sem vöruna flutti frá útlöndum, eða ef hann er enginn á staðnum, skipstjóri, afhendi tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vara er flutt úr skipi, eintak af farmskirteini eða fylgibréfi, sem varan er send með áfram, eða eftirrit af því.
3. Eintakið af farmskirteininu eða fylgibréfinu, sem um ræðir undir 2, sé afhent tollstjóra eða umboðsmanni hans svo tímanlega, að fram geti farið skoðun og innsigluglun vörunnar, áður en hún er flutt um borð í skipið, sem flytja á vöruna til ákvörðunartollhafnarinnar.

4. Afgreiðslumaður sá, sem sendir vöruna áfram, eða skipstjóri, sendi með vörunni til afgreiðslumanns á ákvörðunarstað vörunnar, eða ef hann er enginn þar, afhendi skipstjóra eintak af farmskirteini eða fylgibréfi yfir vöruna, eða eftirrit af því, með áritun um það, að ekki megi afhenda viðtakanda vöruna, nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað vörunnar.

5. Að farmskirteinin eða fylgibréfin, sem gefin verði út fyrir vörunni, séu með þeirri sérstöku gerð, að þau séu rauð að lit og beri greinilega með sér áritunina um það, að öll aðflutningsgjöld af vörunni séu ógreidd, og að ekki hafi verið fullnægt öðrum skilyrðum fyrir því, að afhenda megi vörunar, svo og að ekki megi afhenda vörunar viðtakendum, nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans, að viðlögðum allt að 10 þús. króna sektum, og að ef skipstjóri eða afgreiðslumaður skips afhendi vörunar án slíks samþykkis, beri þeim að greiða þau aðflutningsgjöld, sem á vörunum hvíli.

Bannað er að nota farmskirteini eða fylgibréf, sem eru eins eða svipuð að gerð og þau, sem getið var, nema í því skyni, sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

48. gr.

Viðtakendur vara, sem sendar eru milli tollhafna á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 47. gr., skulu afhenda aðflutningsskýrslur og skjöl og greiða aðflutningsgjöld tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem vörunar eru sendar til.

Um skýrslur, skjöl og aðflutningsgjöld af vörum í strönduðum skipum fer eftir lögnum um skipsströnd.

Í öðrum tilfellum, sem um ræðir í 1—3 í 37. gr. skal farið, að því leyti, sem við verður komið, eftir fyrirmælum tollstjórans í því umdæmi, sem affermingin á sér stað.

XIII. KAFLI

Gjalddagi aðflutningsgjalda og greiðsla þeirra af vörum í sama farmskránuméri.

49. gr.

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga, þegar skip það, sem vörunar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjöldin eiga að greiðast.

50. gr.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskránuméri.

XIV. KAFLI

Afhending aðfluttra vara til viðtakenda.

123

25. nóv.

51. gr.

Skipstjórar og afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur og vörur, sem flytja á til landsins á farmskrá eða farangurskrá þeirri, sem um ræðir í 4 í 30. gr., nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans.

Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis tollstjóra eða umboðsmanns hans, þá er viðtakandi skyldur að skýra tolleftirlitsmanni frá því þegar í stað, og greiði hann þá gjaldið um leið.

XV. KAFLI

Lögveð í vörum, fullnustu í þeim, og ef eigi næst í vöru.

52. gr.

Hinar aðflutningsgjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, sektum og málskostnaði, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim, fyrr en húið er að greiða gjöld þessi, sektir og málskostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð, hefir tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörurnar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjöldum, sektum og málskostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjöldin átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru.

XVI. KAFLI

Ef vara ónýttist á leið hingað eða við uppskipun.

Ef sjóskemmdar aðfluttar vörur eru seldar á uppboði.

53. gr.

Nú vill svo til, að aðflutningsgjaldskyld vara hefir ónýtt á leið hingað til lands, eða við uppskipun, og skal þá ekki greiða aðflutningsgjöld af henni, ef viðtakandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði tolleftirlitsmanns, að farmskrá skips telji meira en viðtakandi fær, enda skal jafnan kveðja tolleftirlitsmenn til, þegar það kemur í ljós, að vara hefir ónýtt á leið hingað til lands eða við uppskipun.

54. gr.

Séu seldar á uppboði sjóskemmdar vörur, sem vörumagnstollur hvílir á, skal greiða þann toll fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist ekki það boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið allt í ríkissjóð, að kostnaði frádregnum. Séu hins vegar seldar á uppboði vörur, sem verðtollur hvílir á, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu, með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

XVII. KAFLI

Endursending vara.

55. gr.

Ef vara, sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, er endursend ónotuð í því ástandi, er hún var í, þegar hún var flutt hingað til lands, getur sá, er endursendir vöruna, fengið skirteini þar að lútandi hjá tollstjóra, sem innheimt hefir aðflutningsgjöld af vörunni. Ef hann síðar skilar því skirteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem um ræðir í skirteininu, sé þangað innflutt, endurgreiðir fjármálaráðuneytið honum aðflutningsgjöldin, að 2% frádregnum.

Þó eru ekki endurgreidd aðflutningsgjöld, ef lengri tími en eitt ár liður frá því, að varan var flutt hingað til lands, þar til hún er endursend úr landinu.

Nú er vara, sem ekki hefir verið vitjað, viðtakandi hefir ekki fundizt að eða neitað hefir verið viðtöku á, endursend innan árs frá því hún var flutt hingað til lands, og endursending vörunnar fer fram undir umsjón tolleftirlitsmanns, sem gefur út skirteini þar að lútandi, sem fylgir vörunni til útlanda, þá eru ekki heimt af henni aðflutningsgjöld, ef sá, sem endursendi vöruna, afhendir framangreint skirteini tolleftirlitsmanni þeim, er gaf það út, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem í skirteininu greinir, sé þangað innflutt. Nú afhendir sá, sem endursendir vöruna, ekki tolleftirlitsmanni innan hæfilegs tíma, sem tolleftirlitsmaður tiltók, skirteinið, svo útbúið sem að framan greinir, og ber endursendanda þá að greiða aðflutningsgjöld af vörunni, sem tolleftirlitsmaður ákvað, áður en hann gaf skirteinið út.

XVIII. KAFLI

Útflutningsskýrslur og önnur skjöl, sem við koma útfluttri vöru.

56. gr.

Allir, sem ætla að flytja til útlanda vörur með skipi, skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu yfir vörur þessar.

Skýrsla þessi skal tilgreina hvenær og með hvaða skipi varan verður útflutt, landið, sem varan á að flytjast til, tegund og magn hennar, og ef varan er í umbúðum, tegund, tölu, merki og númer þeirra, þyngd vöru með umbúðum, söluverð, ef selt er, annars fob. gangverð, og önnur atriði, sem tollheimtan og tolleftirlitið þarf að fá vitneskju um og eyðublöð þau greina, sem gerð verða til afnota undir útflutningsskýrslur.

Eigi þarf að gefa útflutningsskýrslur um vörur, sem skip tekur héðan úr landi og ætlaðar eru til notkunar í sambandi við siglingu þess, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 58. gr.

Þá þarf ekki að gefa útflutningsskýrslur um venjulegan farangur farþega, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 58. gr., en með venjulegum farangri farþega er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem farþegarnir hafa með sér til eigin nota á ferðalaginu.

Enn fremur þarf ekki að gefa útflutningsskýrslur um venjulegan farangur skipverja, nema svo beri undir, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 58. gr., en með orðunum venjulegur farangur skipverja er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem heyra til skipverjum og farangur þessi sé til eigin nota skipverjanna á skipinu.

57. gr.

Útflytjendur eru skyldir til að leggja fram fyrir tolleftirlitsmenn farmskirteini, fylgibréf, reikninga, sem fylgja vörum til útlanda og önnur skjöl og skilríki, sem tolleftirlitsmenn þurfa að sjá vegna eftirlits og starfa sinna.

XIX. KAFLI

**Skoðun útflutningsvara og skýrsla um vörur til skipa,
farþega- og skipverjafarangur.**

123

25. nóv.

58. gr.

Tollstjórum, hverjum fyrir sitt umdæmi, er heimilt að mæla svo fyrir, að öllum vörum, sem flytja á um borð í skip, sem ætlar til útlanda eða er í utanlands-siglingum, og eru ætlaðar skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í því, skuli framvísað, þær skoðaðar og um þær gefnar skýrslur í tollgæzlu-stöð eða á öðrum stað, sem tolleftirlit er framkvæmt á, áður en vörurnar eru fluttar um borð í skipið.

Þá geta tollstjórar, hver fyrir sitt umdæmi, mælt svo fyrir, að öllum farþega- og skipverjafarangri skuli framvísað, hann skoðaður og um hann gefnar skýrslur, ef ástæða þykir til, í tollgæzlustöð eða á öðrum stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, áður en vörur þessar eru fluttar um borð í skipið.

Annars er skylt að framvísa fyrir tolleftirlitsmönnum vörum þeim og farangri, sem um ræðir í 56. gr. og í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, hvenær sem þeir óska og hvort sem vörurnar eða farangurinn hefir verið fluttur um borð í skipið eða ekki.

Fyrirmæli þau, sem tollstjórum er heimilt að gefa samkvæmt 1. og 2. mgr., skulu þeir birta í blöðum eða með öðrum álika almennum hætti, svo og í B-deild stjórnartíðindanna, en fyrirmælin mega þó koma til framkvæmda, áður en þau hafa verið birt í stjórnartíðindunum.

XX. KAFLI

**Hvar skuli afhenda útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl
og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi.**

59. gr.

Afhenda ber útflutningsskýrslur og önnur skjöl um útflutningsvörur og greiða útflutningsgjöld tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri tollhöfn, sem vörurnar fara um borð í skipið, er á að flytja þær til útlanda.

Heimilt er þó, ef vörur eru fluttar milli tollhafna til umskipunar í útflutnings-skip, að afhenda útflutningsskýrslur og skjöl, greiða útflutningsgjöld og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi varanna fyrir tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri tollhöfn, sem vörurnar fara um borð í skipið, sem flytur þær til þeirrar tollhafnar, sem þær eiga að koma á vöruskrár, en vörum þessum skal fylgja vottorð frá tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem gerð voru skil á útflutnings-skýrslum, úflutningsskjölum og útflutningsgjöldum, um það, að fullnægt sé þeim fyrirmælum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vörurnar til útlanda.

60. gr.

Skýrslu um söluverð afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu tollhöfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða, ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla til sölu á erlendum markaði, þegar það næst leitar tollhafnar hér á landi. Hafni skipið sig ekki fyrst á þeirri tollhöfn, sem það er skrásett og útgerð skips er, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra þar.

XXI. KAFLI

Hvenær skuli afhenda útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi.

61. gr.

Afhenda ber útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi fyrirð tollstjóra eða umboðsmanni hans svo tímanlega, áður en vörurnar eða farangurinn er fluttur um borð í skipið, sem á að flytja þær til útlanda, að fram geti farið skoðun á vörunum.

Þegar vörur eða farangur er fluttur milli tollhafna til umskipunar, ber að afhenda útflutningsskýrslur, útflutningsskjöl og fullnægja öðrum skilyrðum fyrir útflutningi svo tímanlega fyrir tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til þeirrar hafnar, sem umskipun á að eiga sér stað, að fram geti farið skoðun á vörunum, áður en vörurnar eru fluttar um borð.

Tollstjórum, hverjum fyrir sitt umdæmi, er heimilt að veita undanþágu frá fyrirælum 1. og 2. mgr., ef sérstaklega stendur á, svo sem ef um vörur er að ræða, sem hafa verið metnar af lögskipuðum matsmönnum.

Tollstjórar geta þó bundið slíkar undanþáguveitingar því skilyrði, að skipstjórar eða afgreiðslumenn séu skyldir til að afferma vörur aftur, ef tolleftirlitsmaður álitur það nauðsynlegt, vegna skoðunar varanna, ákvörðunar útflutningsgjalda eða ákvörðunar á verðmæti varanna.

XXII. KAFLI

Vanræksla á að afhenda útflutningsskýrslur og útflutningsskjöl, eða ef í þeim er skýrt rangt frá um vörur.

62. gr.

Sá — farmflytjandi, sendandi, skipverji, farþegi eða annar —, sem flytur um borð vörur eða farangur, sem gefa ber útflutningsskýrslur um, áður en vörurnar eru fluttar um borð, hefir gerzt brotlegur við 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Vanræksla á að leggja fram skjöl þau, sem um ræðir í 57. gr. eða það, að lögð eru fram skjöl, þar sem rangt er skýrt frá um vörur eða verð vara, telst til brota á reglugerð þessari.

XXIII. KAFLI

Ferming.

63. gr.

Aðeins á tollhöfnum er heimilt að flytja í skip vörur — þar með taldar vörur til skipsparfa, farangur, fiskafli og önnur veiði —, sem það skip á að flytja til útlanda, en ekki á öðrum höfnum, nema með leyfi tollstjóra, sem í hlut á.

Einnig er óheimilt utan tollhafna að ferma í skip vörur, sem flytja á til innanlandshafna, ef í skipið hafa verið fermdar vörur, sem það á að flytja til útlanda, eða ef í skipinu eru óaffermdar vörur, sem það hefir flutt hingað til lands, nema með leyfi tollstjóra, sem í hlut á.

64. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki byrja að ferma í skip vörur, sem það á að flytja til útlanda, fyrr en þeir hafa tilkynnt tolleftirlitsmanni um ferminguna, hvar og hvenær hún eigi að fara fram og í aðalatriðum, hvað eigi að ferma.

65. gr.

123

25. nóv.

Nú eru vörur afhentar skipstjóra eða afgreiðslumanni til fermingar og útflutnings, og mega þessir menn eða starfsmenn þeirra ekki flytja vörurnar um borð, fyrr en þeir hafa sannfært sig um, að tollstjóra eða umboðsmanni hans hafi verið afhentar útflutningsskýrslur, og að fyrir þeim hafi verið fullnægt öðrum skilyrðum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vörur til útlanda.

Tollstjórum, hverjum fyrir sitt umdæmi, er heimilt að veita undanþágu frá fyrirmælum 1. mgr., ef sérstaklega stendur á, svo sem ef um er að ræða vörur, sem hafa verið metnar af lögskipuðum matsmönnum.

Tollstjórar geta þó bundið slíkar undanþáguveitingar samskonar skilyrði og um ræðir í 4. mgr. 61. gr.

66. gr.

Ef fermdar hafa verið í skip vörur, sem það á að flytja til útlanda, má ekki flytja vörur þessar úr skipinu hér á landi, nema með leyfi tolleftirlitsmanns.

67. gr.

Ef sérstaklega stendur á, geta tolleftirlitsmenn fyrirskipað, að ferming fari fram á tilteknum stöðum, sem þeir vísa á.

68. gr.

Ef tolleftirlitsmaður tilkynnir skipstjóra eða þeim, sem er fyrir hans hönd, eða öðrum, sem standa fyrir fermingu, að hann eða starfsmenn hans ætli að telja vörur í skip, má ekki ferma vörur í skip eða afferma vörur úr skipi, nema tolleftirlitsmenn séu viðstaddir til að fylgjast með fermingunni eða affermingunni.

Annars skulu hlutaðeigendur skyldir til að hlýða fyrirskipunum tolleftirlitsmanna um það, að við fermingu sé gætt reglu og öryggis.

XXIV. KAFLI

Farmskrár útflutningsskipa.

69. gr.

Skipstjórar skulu gera farmskrá í minnst 4 samritum yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings frá hverri höfn.

Ónaðsynlegt er, að settar eru á útflutningsfarmskrár vörur, sem skip tekur hér og ætlaðar eru útflutningsskipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í því, enda séu vörur þessar ekki umfram það, sem almennt tíðkast, og þær skráðar á skrá þá, sem um ræðir í 70. gr. Þá þarf ekki að skrá á farmskrá hluti, sem farþegar, sem verða með skipinu, hafa meðferðis í ferðatöskum og umbúðum, þar sem fót þeirra eru geymd og venjulega er ekki heimt sérstakt flutningsgjald fyrir, en séu töskur þessar, umbúðir eða því líkt ekki skráð á farmskrána, en hinsvegar í geymslu í lestarrúmum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða til geymslu á þílfari, þar að skrá það á farangursskrá þá, sem um ræðir í 71. gr. Enn fremur er ónaðsynlegt, að skráðir séu á farmskrána hlutir, sem skipverjar — skipstjóri talinn með — hafa í fatapokum sínum, töskum eða umbúðum, þar sem þeir geyma fót sín og ekki er venjulega heimt flutningsgjald fyrir, en ef skipverjar koma töskum þessum, pokum eða þvílíku til geymslu í lestarrúmum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða til geymslu á þílfari, þar að skrá þá á farangursskrá þá, sem um ræðir í 71. gr.

Farmskrár frá hverri höfn skulu vélritaðar eða greinilega skrifaðar, svo auðvelt sé að lesa þær. Á þeim sé greinilega tilgreindur fermingarstaður vörusendingar, stykkjatala, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti

123 og þungi hvernar vörutegundar, svo og flutningsgjald og affermingarstaður vöru-
25. nív. sendingar.

Vörusendingar frá hverri höfn skulu tilfærðar á skrá og útdráttum í óslitinni töluröð, en í sama númeri skal skrá vörur, sem eru á sama farmskirteini eða fylgi-bréfi. Um leið og skipstjóri eða afgreiðslumaður tekur við skilríkjum, sem sýna, að útflytja megi vörur vegna tollstjóra eða umboðsmanns hans, skal skrá farmskrár-númerið á skilríki þessi.

Vörur skulu settar á farmskrá frá þeirri höfn, sem þær fara um borð í skipið, sem flytur þær til útlanda.

Farmskrár þær, sem afhenda ber á hverri höfn, skulu vera undirritaðar af skipstjóra og afgreiðslumanni skips, ef hann er þar á staðnum, og heftar saman, ef þær eru fleiri en eitt blað.

Eintak af farmskrám yfir vörur, sem skip tekur á hverri höfn, skal vera í því, þar til er það leggur úr síðustu höfn hér á landi, en tolleftirlitsmenn hafa ávallt aðgang að farmskrám.

Allar útstrikanir og leiðréttingar á farmskrám skulu vera staðfestar af skipstjóra með áritun á farmskrárnar. Ef því verður ekki við komið, skal fylgja farmskrám sérstakt vottorð skipstjóra um leiðréttingarnar og útstrikanirnar.

Það er bannað að gera leiðréttingar á farmskrám, sem fylgja skipi, nema í samráði við tollstjóra eða umboðsmann hans á þeirri höfn, þar sem vörurnar komu á farmskrá og skráin var afhent.

Ef vörusending er skráð á farmskrá að vera „in disput“ eða með öðrum samskonar fyrirvara, losnar skipstjóri ekki undan ábyrgð, ef vörusendingin er ekki með skipinu.

XXV. KAFLI

Skrá yfir vistaforða og aðrar skipsnauðsynjar, sem skip tekur hér á landi.

70. gr.

Skipstjórar erlendra skipa og íslenzkra skipa, sem eru í utanlandssiglingum, skulu gera tvírtaða skrá yfir þær vörur, sem teknar eru á hverri höfn skipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í skipinu.

Skrá þessi skal tilgreina tölu, magn og tegund varanna, eða ef þær eru í umbúðum, tegund, tölu, merki og númer þeirra.

Skipstjóra ber að undirrita skrá þessa og telst það til brota af hálfu skipstjóra, ef þær reynast rangar.

Annað eintakið af skránni yfir vörur, sem teknar eru í hverri höfn, skal vera í skipi, þar til er það leggur úr síðustu höfn, en tolleftirlitsmenn hafa jafnan aðgang að þessum skrá.

XXVI. KAFLI

Skrá yfir farþega- og skipverjafarangur í lestum, öðrum geymslum skips eða á þílfari, sem þar á að vera til útlanda.

71. gr.

Skipstjóra ber að gera tvírtaða skrá yfir allan þann farangur, sem farþegum skipsins og skipverjum tilheyrir og tekinn hefir verið til geymslu á hverri höfn í lestar, aðrar sérstakar geymslur skipsins eða á þílfari og þar á að vera í skipinu til útlanda, enda sé farangur þessi ekki skráður á farmskrá skipsins.

Á skrá þessari skal tilgreina tölu, merki og tegund umbúða, innihald þeirra, ef

við verður komið, nafn þess, sem umbúðirnar eða þvílíkt tilheyrir, í hvaða lest, 123
geymslu eða hvar á þilfari þessi flutningur er.

25. nóv.

Skipstjóra ber að undirrita og hefta saman, ef fleiri en eitt blað er, skrá þessa, og er það brot af hans hálfu, ef hún reynist röng.

Annað eintakið af skránni yfir farangur, sem tekinn er á hverri höfn, skal vera í skipi, þar til það leggur úr síðustu höfn hér á landi, en tolléftirlitsmenn hafa jafnan aðgang að skránum.

XXVII. KAFLI

Skrá yfir innanlandsflutning í skipum, sem í eru innflutningsvörur, útflutningsvörur eða ferma á í útflutningsvörur.

72. gr.

Skipstjórar skipa, sem taka hér á landi vörur til innanlandshafna og í eru vörur, sem það skip hefir flutt hingað til lands, eða vörur, sem það skip á að flytja til útlanda, eða í verða fermdar vörur til útflutnings, áður en allur innanlandsflutningurinn er fluttur úr skipinu, skulu gera tvíritaðar skrár yfir vörurnar, sem skipið á að flytja til innanlandshafnanna og skulu skrár þessar sömu atriði og farmskrár yfir útflutningsvörur og vera undirritaðar af skipstjóra og heftar saman, ef fleiri en eitt blað er, og er það brot af hans hálfu, ef þær reynast rangar, en tolléftirlitsmenn skulu jafnan eiga aðgang að þessum skráum.

Annað eintakið af skránni yfir vörur, sem skip tekur til innanlandshafna skal vera í skipinu, þar til er allar þær vörur, sem á skránni eru, hafa verið fluttar úr því.

73. gr.

Skipstjórar skipa þeirra, sem um ræðir í 72. gr., skulu gera tvíritaða skrá yfir farangur, sem tilheyrir farþegum skipsins og skipverjum og tekinn er til flutnings í lestum skipsins, öðrum sérstökum geymslum þess eða á þilfari.

Skrá þessi skal tilgreina sömu atriði, sem skrár yfir farangur, sem verður í lestum, öðrum geymslum eða á þilfari til útlanda, sbr. 71. gr., og skal hún undirrituð af skipstjóra og samheft, ef hún er fleiri en eitt blað, en ef hún reynist röng, er það brot af hálfu skipstjóra. Tolléftirlitsmenn skulu jafnan eiga aðgang að þessum skráum.

Annað eintakið af skránni yfir farangur til innanlandshafna, sem er í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari skipsins, skal vera í því, þar til er allur slíkur farangur hefir verið fluttur úr því.

XXVIII. KAFLI

Farþegaskrár og skipverjaskrár.

74. gr.

Hvenær sem tolléftirlitsmenn þurfa, skulu skipstjórar skipa, sem eru í innanlandssiglingum, skyldir til að láta tolléftirlitsmönnum í té skrá yfir skipverja og farþega í skipi.

Öll skip, sem ætla að flytja héðan farþega til útlanda, skulu hafa skrá yfir þessa farþega, en skrá þessi skal tilgreina sömu atriði og farþegalistar aðkomuskipa, sbr. 32. gr.

Ef tolléftirlitsmenn óska, skulu skipstjórar skipa, sem ætla til útlanda, láta þeim í té eftirrit af skipshafnarskrá.

123
25. nóv.

XXIX. KAFLI Brottför skipa.

a. Hvort sem skip ætlar til innanlandshafna eða til útlanda.

75. gr.

Áður en skip fer úr höfn, hvort sem það ætlar til innanlandshafna eða ekki, ber skipstjóra

a ð greiða skipakomugjöld og önnur gjöld, sem greiða ber af skipinu til tollstjórnarinnar, ef slík gjöld hafa fallið á,

a ð vitja skipsskjalanna, ef tolleftirlitsmaður hefir tekið þau í sínar vörslur við komu skips eða síðar,

a ð afhenda farmskrá yfir vörur, sem fermdar hafa verið í skipið til útflutnings, ásamt skilríkjum, sem sýna, að skilað hafi verið útflutningsskýrslum og fullnægt öðrum skilyrðum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vörurnar til útlanda, ef á hlutaðeigandi höfn hafa verið fermdar í skipið slíkar vörur,

a ð afhenda skrá yfir vörur, sem teknar hafa verið á hlutaðeigandi höfn, skipinu sjálfu til notkunar, skipverjum eða farþegum til neyzlu eða notkunar í því, enda hafi slíkar vörur verið teknar, og um sé að ræða erlend skip eða íslensk skip, sem eru í utanlandssiglingum,

a ð afhenda skrá yfir farangur farþega og skipverja í lestum, öðrum sérstökum geymslum skipsins eða á þílfari, ef slíkur farangur hefir verið fluttur í skipið til þess að verða þar til útlanda.

b. Til innanlandshafna.

76. gr.

Áður en skip, sem á að fara til innanlandshafna, leggur úr höfn, ber skipstjóra a ð vitja farmskrár yfir vörur, sem það skip hefir flutt hingað til lands, ef ekki hafa verið affermdar úr skipinu allar slíkar vörur og farmskráin er í vörslum toll-
eftirlitsmanna,

a ð vitja skipverjaskrár og annarra vöruskráa, sem eiga að vera í aðkomuskipi og um ræðir í 30. gr., ef í skipi eru vörur, sem taldar eru í þessum skráum,

a ð vitja farþegalista, ef að í skipi eru farþegar, sem komu með því frá útlöndum,

a ð vitja farmskráa yfir útflutningsvörur og skráa yfir farangur, sem á að vera í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þílfari til útlanda, ef að slíkar skrár hafa verið í skipi frá innanlandshöfnum, og tolleftirlitsmenn hafa tekið þær í sínar vörslur, sbr. 7. mgr. 69. gr. og 4. mgr. 71. gr.,

a ð vitja skráa yfir vistaforða og aðrar skipsnauðsynjar, ef slíkar skrár hafa verið í skipi frá innanlandshöfnum og tolleftirlitsmenn hafa tekið þær í sínar vörslur, sbr. 4. mgr. 70. gr.,

a ð vitja skráa yfir innanlandsflutning, ef slíkar skrár hafa verið í skipi frá innanlandshöfnum, og tolleftirlitsmenn hafa tekið þær í sínar vörslur, sbr. 72. gr. og 73. gr.,

a ð afhenda skrár yfir vörur og farangur, sem eiga að vera í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þílfari til innanlandshafna, ef á hlutaðeigandi höfn hafa verið teknar slíkar vörur eða farangur, enda séu í skipi vörur eða farangur, sem innfluttur var í lestum þess, öðrum geymslum eða á þílfari, eða í skipið hafa verið fermdar vörur eða farangur í lestar, aðrar geymslur eða á þílfar til útflutnings eða í skipið á að ferma vörur, áður en allur innanlandsflutningur hefir verið fluttur úr því.

Skipstjóra eða þeim, sem hann setur fyrir sig, ber að vera viðstaddur, ef tolleftirlitsmenn óska eftir því, þegar þeir setja innsigli sitt á skrár þær, sem um ræðir í þessari grein og skipstjóra ber að hafa meðferðis til innanlandshafna.

77. gr.

123

25. nóv.

Skipstjórar geta fengið hjá tolleftirlitsmanni tollvegabréf, sem sýnir að skipið hafi fengið lögfulla afgreiðslu til innanlandshafna á þeirri höfn, sem skipið er að fara frá.

c. Til útlanda.

78. gr.

Áður en skip leggur úr síðustu höfn hér á landi ber skipstjóra a ð hefta saman og afhenda tolleftirlitsmanni, ef um er að ræða skip, sem hefir fermt vörur til útflutnings á ýmsum höfnum hér á landi, samrit af farmskránum yfir vörur, sem skipið hefir tekið á hverri höfn, og vottorð um það, að skipið hafi ekki tekið og taki ekki hér á landi aðrar eða meiri vörur til útflutnings en þær, sem taldar séu á viðfestum farmskrám,

a ð hefta saman og afhenda tolleftirlitsmanni, ef um er að ræða skip, sem hefir tekið vörur til skipsþarfa á ýmsum höfnum hér á landi, samrit af skráum yfir þessar vörur, sem teknar hafa verið á hverri höfn, ásamt vottorði um það, að ekki hafi verið teknar eða verði teknar hér á landi aðrar eða meiri vörur til skipsþarfa en taldar séu á skránum,

a ð hefta saman og afhenda tolleftirlitsmanni, ef um er að ræða skip, sem í hefir verið tekinn á ýmsum höfnum farangur farþega og skipverja til geymslu í lestum, öðrum sérstökum geymslum eða á þilfari til þess að vera þar til útlanda, skrár yfir farangur þennan, ásamt vottorði um það, að ekki hafi verið tekinn eða verði tekinn til geymslu í lestum, öðrum geymslum eða á þilfari annar eða meiri farangur farþega eða skipverja til útlanda, en þar er talinn,

a ð afhenda tolleftirlitsmanni, ef farþegar eru í skipi, tvírtaða skrá yfir farþega, ásamt vottorði um það, að í skipi séu ekki aðrir eða fleiri farþegar til útlanda.

79. gr.

Skipstjórar geta fengið hjá tolleftirlitsmanni tollvegabréf, sem sýnir, að skipið hafi fengið hér á landi lögfulla afgreiðslu til útlanda.

XXX. KAFLI

Sérákvæði um skemmtiskip.

80. gr.

Skemmtiskip, sem koma hingað til lands með félög manna og farþega, sem halda áfram með skipinu, eru undanþegin því, að hafa meðferðis frá útlöndum vöruskrár og skipverjaskrár og undanþegin innsíglun á nauðsynjavistum og öðrum skipsforða. Undanþága þessi er þó því skilyrði bundin, að skipið hafi ekki meðferðis vörur, sem eiga að flytjast hér úr skipinu, í skipi séu ekki farþegar, sem verða hér eftir, skipið taki hér ekki farþega eða aðrar vörur en þær, sem um ræðir í 2. mgr., tollvörður sé hér í skipinu og mönnum úr landi sé bannað að fara um borð, nema með sérstöku leyfi tolleftirlitsmanns.

Skemmtiskipum er heimilt að taka hér vörur til skipsþarfa, en þegar það er gert, skal farið eftir ákvæðum 70. gr., 75. gr. og 78. gr.

XXXI. KAFLI Sérákvæði um herskip.

81. gr.

Fyrirmælin í 5. kafla um það, að skip, sem eru í íslenskri landhelgi, séu háð stöðvunarskyldu eða þurfi að hægja ferð sína og taka tolleftirlitsmenn um borð, ef þeir óska eftir því, svo og að skip séu háð tolleftirliti, innsiglun o. fl., taka ekki til herskipa.

Skip þessi eru undanþegin því að afhenda vöruskrá og skipverjalista, en skipsforingi er þó skyldur til, áður en nokkur afferming á sér stað, að afhenda skriflega skýrslu um það, sem afferma á, og eftir að fermt hefir verið eitthvað, skýrslu um það, sem fermt hefir verið.

XXXII. KAFLI

Flugtæki.

82. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda eftir því, sem við á, um flugtæki, sem eru í ferðum milli Íslands og annara landa eða í ferðum innanlands.

XXXIII. KAFLI

Refsiákvæði o. fl.

83. gr.

Brot gegn 11. gr., 2. og 3. mgr. 19. gr., 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. varða samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laganna um tollheimtu og toleftirlit sektum, svo og fangelsi, ef brot er ítrekað, nema brotið sé svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því samkvæmt hegingarlögunum eða öðrum lögum.

Brot gegn 13. gr., 1. mgr. 18. gr. og 21. gr. varða samkvæmt 2. mgr. 35. gr. laganna um tollheimtu og toleftirlit sektum, ef brotið er ekki svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

Að því leyti sem brot gegn 14., 15. og 20. gr. varða ekki sektum eftir 2. mgr. 35. gr. laganna um tollheimtu og toleftirlit, varða þau sektum eftir reglugerð þessari, ef brotið er ekki svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

84. gr.

Í 1. mgr. 36. gr. laganna um tollheimtu og toleftirlit segir, að nú verði maður uppvis að því að hafa vanrækt að skýra toleftirlitsmanni frá vörum, sem hann hefir innflutt, haft meðferðis eða tekið við, eða að hafa sagt rangt til um vörur, og skal hann þá sæta sektum, ekki lægri en 100 kr., svo og fangelsi, ef mjög miklar sakir eru, eða ef brot er margítrekað.

Þá segir í 3. mgr. 36. gr. nefndra laga, að ennfremur sé jafnan heimilt að gera upptækar vörur, sem undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Loks segir í 4. mgr. nefndrar 36. gr. laganna, að auk þeirra refsinga, sem um ræðir í 1. og 3. mgr. greinarinnar, skuli sá, sem þrisvar hafi gerzt sekur um þar nefnd brot, sviptur leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt.

85. gr.

Í 1. mgr. 37. gr. laganna um tollheimtu og toleftirlit segir, að sá, sem komi því til leiðar með fortölum, fjárframlögum, heitum eða ráðum, að vörur séu ólöglega innfluttar eða tollsviknar, eða sá, sem fái annan til þess að flytja ólöglega inn fyrir

sig vörur eða tollsvíkja þær, enda þótt þessir menn verði ekki álitnir aðalmenn í 123
verknaðinum sjálfum, skuli sæta sektum, svo og fangelsi, ef sakir séu miklar, eða ef 25. nóv.
brot sé margítrekað.

Þá segir í 2. mgr. 37. gr. nefndra laga, að sömu refsingu skuli þeir sæta, sem
aðstoði þá, sem hafi ólöglega innflutt vöru eða tollsvíkið hana, við að selja hana,
svo og þeir, sem kaupa vörur, sem þeir vita, að eru ólöglega innfluttar, eða mega vita
það, eftir öllum atvikum að dæma.

Loks segir í 3. mgr. nefndrar greinar, að ennfremur sé heimilt að svifta þá
menn, sem sekir verða eftir þessari grein, leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma, eða
fyrir fullt og allt, ef brot sé margítrekað.

86. gr.

Í 1. mgr. 38. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit segir, að það varði sektum,
ef vanrækt sé að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans útflutningsskýrslur.

Í 2. mgr. nefndrar 38. gr. segir, að ef slíkar skýrslur séu gerðar rangar, varði
það sektum eða fangelsi, eða hvorutveggja, ef sakir séu miklar. Sömu refsingu sæti
sá, sem hafi eða hefði hagnað af rangri skýrslugerð, og hin ranga skýrsla sé gefin
með hans vitund, enda liggi ekki við brotum þessum þyngri refsing samkvæmt hegn-
ingarlögnum eða öðrum lögum.

87. gr.

Í 39. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit segir, að ef nokkur tregðist við að
gefa vottorð þau, sem um ræðir í 23. gr. þessarar reglugerðar, megi þvinga hann
til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og megi tollstjóri ákveða sektirnar í
bréfi til viðtakanda. Aðför megi gera í eignum sökunauta fyrir sektum samkvæmt
þeirri grein.

88. gr.

Samkvæmt 40. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit varðar það skipstjóra
sektum, allt að 5000 kr., ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, samdar eins
og mælt er fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda farmskrár og útdrætti tolleftirlits-
manni. Ef svo stendur á eða skráin er áfátt, getur tolleftirlitsmaður og krafist þess,
að skipstjóri eða afgreiðslumaður skips riti upp farmskrár og útdrætti, og ef hann
telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipi eða látið rannsaka skipsfarm á kostn-
að skipseiganda. Annars má tolleftirlitsmaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta
telja vörur úr eða í skip eða rannsaka skipsfarm, en ekki ber skipseigandi kostnað
við það, nema skráir reynist rangar við talningu eða rannsókn.

89. gr.

Sé afferming byrjuð, án leyfis tolleftirlitsmanns, varðar það skipstjóra sektum
eftir 41. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit.

90. gr.

Að því leyti sem brot gegn 47. gr. reglugerðar þessarar varðar ekki afgreiðslu-
mennina eða skipstjórana sektum eftir 42. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit,
varða þau sektum eftir reglugerð þessari.

Nú eru vörur, sem sendar eru milli tollhafna, sbr. 47. gr. reglugerðarinnar, af-
hentar viðtakendum án samþykkis hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans,
og skulu þá afgreiðslumennirnir eða skipstjórnarnir samkvæmt 42. gr. laganna um
tollheimtu og tolleftirlit greiða aðflutningsgjöld þau, sem á vörunum hvíla.

91. gr.

Nú eru aðflutningsgjaldskyldar vörur afhentar viðtakendum án samþykkis
hlutaðeigandi tollstjóra eða umboðsmanns hans, og varðar það þá eftir 43. gr. lag-

- 123** anna um tollheimtu og tolleftirlit skipsjóra eða afgreiðslumann, ef hann er þar á
 25. nóv. saðnum, sektum, allt að 5000 kr. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður eftir ákvæðum nefndrar 43. gr. ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 52. gr. þessarar reglugerðar.

92. gr.

Ef aðkomufarþega- eða aðkomuvöruflutningaskip taka fyrstu höfn á öðrum tollhöfnum en tollafgreiðsluhöfnum þeim, sem taldar eru í 1. mgr. 28. gr., án þess að hafa tilkynnt áður komu sína á þann hátt og innan þess tíma, sem segir í nefndri grein, skal skipstjóri greiða í viðurlög kr. 5.00 af hverri nettó smálest skipsins. Ef um er að ræða erlent skip, sem hér búsettur maður hefir leigt hingað, og hann hefir vanrækt að skýra útgerðarmanni skips eða skipstjóra frá ákvæðunum í 28. gr., skal skipstjóri eiga endurgjaldsrétt á hendur leigutaka skips út af viðurlögum þessum.

Ef aðkomufarþega- eða aðkomuvöruflutningaflugtæki tekur fyrstu höfn á öðrum tollhöfnum en tollafgreiðsluhöfnum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. 28. gr., skal flugstjóri greiða í viðurlög kr. 50.00 fyrir hvern farþega, sem flugtæki getur tekið, ef um farþegaflugtæki er að ræða, en kr. 25.00 fyrir hver 100 kg., sem flugtæki getur tekið af vörum, ef um vöruflutningaflugtæki er að ræða, en hæfilegar nauðsynjavistir, og aðrar nauðsynjar flugtækisins, teljast ekki vörur í því sambandi. Ef flugtæki er bæði farþega- og vöruflutningaflugtæki, skal ákveða viðurlögin eftir reglunum um vöruflutningaflugtækin, en í því sambandi skal litið svo á, að farþegarúm taki 200 kg. af vörum.

93. gr.

Önnur brot á reglugerð þessari en þau, sem ræðir um í 83.—92. gr. hér á undan, varða sektum frá 5—10000 krónum.

94. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglu-mála, ef önnur málsmeðferð er ekki fyrirskipuð í lögum. Sektir allar og viðurlög renna í rikissjóð. Samkvæmt 45. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit eru vörur, sem gerðar eru upptækar samkvæmt 3. mgr. 36. gr. laganna, eign rikissjóðs.

XXXIV. KAFLI

Gildistaka reglugerðarinnar.

95. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1939, að því leyti, sem þau komu ekki til framkvæmda með gildistöku laga nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit. Ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 5 30. jan. 1935, um framkvæmd tollgæzlu, eru í gildi til 1. jan. 1939.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 48. gr. laga nr. 63 31. desbr. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.